

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
147. fundur.

**Miðvikudaginn 7. maí 2014 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

1. **Skólastarfið á Húnavöllum, skólastefna Húnavatnshrepps.**
2. **Skýrsla sveitarstjóra.**
3. **Fundargerðir:**
  - a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 5. maí 2014.
  - b) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 28. apríl 2014.
  - c) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 28. mars 2014.
  - d) Stjórnar SSNV, dags. 26. febrúar 2014.
  - e) Stjórnar SSNV, dags. 3. mars 2014.
  - f) Stjórnar SSNV, dags. 8. apríl 2014.
  - g) Stjórnar Róta bs. dags. 21. febrúar 2014.
  - h) Stjórnar Róta bs. dags. 27. febrúar 2014.
  - i) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 10. apríl 2014.
4. **Bréf:**
  - a) Frá Minjastofnun Íslands, dags. 08. 04. 2014.
  - b) Frá Arnari Þ. Sævarssyni, dags. 15. 04. 2014.
  - c) Frá Skipulagsstofnun, dags. 14. 04. 2014.
  - d) Frá Vegagerðinni, dags. 16. 04. 2014.
  - e) Frá Þjónustumiðstöðinni "STOPP" VÖRN FYRIR BÖRN, dags. 25. 04. 2014.
  - f) Frá stjórn SSNV, dags. 10. 04. 2014.
  - g) Frá Oddnýju Maríu Gunnarsdóttur, dags. 15. 04. 2014.
  - h) Frá stjórn SSNV, dags. 17. 04. 2014.
  - i) Frá Umhverfisstofnun, dags. 11. 04. 2014.
5. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

**1. Skólastarfið á Húnavöllum, skólastefna Húnavatnshrepps.**

Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri kynnti skólastarfið. Gert er ráð fyrir að á næsta skólaári verði 55 nemendur í grunnskólanum. Skólastjóri leggur til að kennslustundakvóti verði allt að 220 stundir á viku skólaárið 2014-2015. Stöðugildi kennara verða 8,5. Sigríður fór aðeins yfir starfsmannamálin. Vegna veikinda í vetur hefur mikið verið um afleysingar í eldhúsi. Nýr kennari verður ráðinn við grunnskólann næsta skólaár þar sem einn kennari fer í fæðingarorlof. Starfsmaður á leikskólanum lætur af störfum en vegna fækkunar barna er ekki útlit fyrir að ráða þurfi í þá stöðu. Starfsmaður hefur verið ráðinn tímabundið í hlutastarf til að annast þrif á leikskólanum.

Skólastjóri kynnti kostnað við aðgengi að Skólavoginni, upplýsinga og greiningakerfi fyrir sveitarfélög. Samkvæmt skóladagatali grunnskóla 2014-2015 eru 8 starfsdagar kennara utan skólatíma og 5 á skólatíma. Skólasetning grunnskóla verður 22. ágúst 2014. Kennsludagar verða 175. Kennt er fleiri stundir á dag en kennslustunda viðmið segja til um. Skólaslit verða 28. maí 2015. Samkvæmt skóladagatali leikskóla 2014-2015, þá hefst starfsemi eftir sumarfrí með starfsdegi þann 8. ágúst 2014, nemendur mæta mánudaginn 11. ágúst 2014. Starfsdagar í leikskóla verða 6 á skólatíma. Sumarfrí leikskóla hefst svo 22. júní 2015.

Skólastjóri kynnti þá vinnu sem farið hefur fram vegna skólastefnu Húnavatnshrepps 2014-2017. Ekki bárust margar umsagnir um skólastefnuna. Skólastefna Húnavatnshrepps verður til kynningar á heimasíðu sveitarfélagsins og Húnavallaskóla og verður einnig dreift á öll heimili í sveitarfélaginu.

# Sveitarstjórn Húnavatnshrepps

## 147. fundur.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða skólastefnu Húnavatnshrepps 2014-2017 og þakkar fræðslustjóra, skólastjóra, fræðslunefnd, skólaráði og öðrum þeim sem komu að gerð skólastefnunar fyrir vel unnin störf.

### 2. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri kynnti fyrirkomulag skoðanakönnunar samhlíða sveitarstjórnarkosningum.

Stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra boðar til fundar 8. maí n.k. kl. 14. að Aðalgötu 2 á Sauðárkróki. Sveitarstjóri mun sitja fundinn.

Eins og undanfarin sumur verða Húnavatnshreppur og Blöndustöð Landsvirkjunar í samstarfi um sumarvinnu ungmenna.

Samþykkt var með 6 atkvæðum 1 sat hjá (JS), að taka tilboði að upphæð 899.077 kr. frá N1 Píparinn ehf í í endurnýjun á ofnakerfi í matsal Húnavallaskóla. Gert er ráð fyrir þessari framkvæmd í áætlun um fjárfestingar.

Erindi frá Kvenfélagi Svínavatnshrepps þar sem óskað er eftir því að kvenfélagið fái að vera með kaffiveitingar á Húnavöllum við sveitarstjórnarkosningar 31. maí n.k. Þóra Sverrisdóttir yfirgaf fundinn undir þessum lið. Jakob Sigurjónsson tók við stjórn fundarins.

Magnús Sigurðsson lagði fram eftirfarandi tillögu: Ekkert kosningakaffi verði 31. maí og andvirði þess verði gefið Krabbameinsfélagi A-Hún. Tillagan var borin upp til atkvæða og felld með þremur atkvæðum ( JG, GHG, GRH) gegn einu (MS) tveir sátu hjá (IS,JS).

Jón Gíslason lagði fram eftirfarandi tillögu:

Sveitarstjórn hafnar erindinu að þessu sinni, þar sem hefð er fyrir veitingasölu kvenfélaganna á svæðum gömlu hreppana. Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt með fimm atkvæðum (JG,GHG,GRH,IS,JS) einn var á móti (MS).

Þóra Sverrisdóttir tók við stjórn fundarins.

Lagt fram til kynningar svar Póst og Fjarskiptastofnunar dags. 7. maí 2014, við erindi um úttekt á fjarskiptkerfinu í Húnavatnshreppi.

### 3. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 5. maí 2014.

Skóladagatal grunnskóla og leikskóla skólaárið 2014 – 2015 var samþykkt samhljóða.

Kennslustundakvóti grunnskóla skólaárið 2014-2015 var samþykktur samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

b) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 28. apríl 2014.

1. Hveravellir, breyting á deiliskipulagi. Svarbréf Skipulagsstofnunar, dags. 11. apríl við erindi Húnavatnshrepps frá 10. mars s.l. Þarfnast ekki staðf. sveitarstjórnar.
2. Erindi frá Skipulagsstofnun – Umsögn um hvort tenging Blönduveitu með 66kV jarðstreng sé háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulags- og byggingarnefnd telur ekki ástæðu til mats á umhverfisáhrifum þar sem um jarðstreng er að ræða sem lagður verður að mestu á þegar röskuðu svæði meðfram Kjalvegi. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
147. fundur.

3. Tekin er til afgreiðslu tillaga að breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna efnisvinnslu til viðhalds á Kjalvegi. Bætt er inn fjórum námum við Kjalveg sem allar hafa verið í notkun en eru ekki skilgreindar í gildandi aðalskipulagi. Áformuð efnistaka í sumar eru 3000 m<sup>3</sup> úr hverri námu. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að um óverulega breytingu á aðalskipulagi sé að ræða og að málsmeðferð verði skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
4. Erindi frá Sigurði Skúla Bergssyni, umsókn um byggingarleyfi til ísetningar á fjórum gluggum á norðurhlið hússins að Hnausum 1, landnr. 221551. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir byggingaráformin. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
5. Erindi frá Birni Magnússyni, umsókn um stofnun lóðar úr landi Hólabaks landnr. 144717. Á lóðinni standa byggingarnar matshluti 03 einbýlishús, matshluti 07 véla/verkfærageymsla og matshluti 14 véla/verkfærageymsla. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
6. Erindi frá Húnavatnshreppi, umsókn um byggingarleyfi til breytingar á fyrrum sorpgeymslu í klórgeymslu fyrir sundlaug. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.
7. Erindi frá Húnaþingi vestra, kynning á tillögu að aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 fyrir sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga. Erindinu var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjórn staðfestir afgr. nefndarinnar á þessu máli. Sjá fundargerð skipulags- og byggingarnefndar nr. 8. lið 4. frá 7. apríl 2014.

c) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 28. mars 2014.  
Til kynningar.

d) Stjórnar SSNV, dags. 26. febrúar 2014.  
Til kynningar.

e) Stjórnar SSNV, dags. 3. mars 2014.  
Til kynningar.

f) Stjórnar SSNV, dags. 8. apríl 2014.  
Til kynningar.

g) Stjórnar Róta bs. dags. 21. febrúar 2014.  
Til kynningar.

h) Stjórnar Róta bs. dags. 27. febrúar 2014.  
Til kynningar.

i) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 10. apríl 2014.  
Til kynningar.

#### 4. Bréf:

a) Frá Minjastofnun Íslands, dags. 08. 04. 2014.  
Efni: Styrkúthlutun 2014.

Umsókn Húnavatnshrepps um styrk úr húsfriðunarsjóði til byggða- og húsakönnunar í sveitarfélaginu var hafnað. Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
147. fundur.

b) Frá Arnari Þ. Sævarssyni, dags. 15. 04. 2014.

Efni: Varðar tímasetningu aðalfundar Þekkingarsetursins á Blönduósi. Boðað er að aðalfundurinn verði miðvikudaginn 25. júní 2014. Lagt fram til kynningar.

c) Frá Skipulagsstofnun, dags. 14. 04. 2014.

Efni: Skráning skipulagsfulltrúa. Lagt fram til kynningar.

d) Frá Vegagerðinni, dags. 16. 04. 2014.

Efni: Styrkvegir 2014. Lagt fram til kynningar.

e) Frá Þjónustumiðstöðinni "STOPP" VÖRN FYRIR BÖRN, dags. 25. 04. 2014.

Efni: Styrkbeiðni.

Sveitarstjórn samþykkti að styrkja verkefnið um 25 þúsund kr.

f) Frá stjórn SSNV, dags. 10. 04. 2014.

Efni: Varðar lokauppgjör þróunarverkefnisins Northern Coastal Expirence (NORCE). Vakin er athygli á því að við ársuppgjör SSNV og samþykkt ársreiknings fyrir árið 2013 mun stjórnin gera grein fyrir þátttöku SSNV í verkefninu í gegnum ANVEST og lokauppgjóri þess.

Lagt fram til kynningar.

g) Frá Oddnýju Maríu Gunnarsdóttur, dags. 15. 04. 2014, ásamt fylgigögnum.

Efni: Í erindinu lýsir Oddný samskiptum sínum við framkvæmdastjóra, stjórnarformann, og endurskoðanda SSNV vegna fyrirspurnar um stjórnarsýslu og fjármálagerninga á síðasta ári.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps telur að málið sé í eðlilegum farvegi hjá stjórn SSNV og leggur áherslu á að stjórn SSNV hraði greinargerð um NORCE verkefnið eins og unnt er.

h) Frá stjórn SSNV, dags. 17. 04. 2014. Erindinu fylgir afrit af bréfi frá formanni SSNV dags. 16. 04. 2014 til Oddnýjar Maríu Gunnarsdóttur, ásamt afriti af fundargerð stjórnar SSNV dags, 03. 03. 2014.

Efni: Varðar erindi Oddnýjar Maríu Gunnarsdóttur dags. 15. 04. 2014.

Lagt fram til kynningar.

i) Frá Umhverfisstofnun dags. 11. 04. og 23. 04. 2014.

Efni: Áætlun til þriggja ára um refaveiðar.

Ríkið mun á næstu þremur árum taka þátt í kostnaði við refaveiðar. Í fjárlögum hefur verið samþykkt að verja 30 milljónum króna á ári í verkefnið. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin og Umhverfisstofnun geri samning um veiðarnar til þriggja ára. Samingurinn mun byggja á áætlun sem sveitarfélagið gerir. Í áætluninni þarf að koma fram hver þörfin er fyrir veiðar, hvaða aðilar verða fyrir fjárhagslegu tjóni og hvernig best er að haga veiðunum til að lágmarka tilkostnað. Fleiri en eitt sveitarfélag geta verið aðilar að sama samningi og eru sveitarfélögin hvött til samstarfs.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra, Jakobi Sigurjónssyni og Gísla Hólm Geirssyni að vinna áætlun sveitarfélagsins til umsóknar fjármagns til refaveiða fyrir árin 2014-2016. Síðasti skiladagur áætlunar er 23. maí n.k.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
147. fundur.

**5. Önnur mál.**

Tekið fyrir trúnaðarmál og fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert,  
Fundí slitið kl. 16.45

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Gísli Hólm Geirsson

---

Jakob Sigurjónsson

---

Guðmundur R. Halldórsson

---

Ingibjörg Sigurðardóttir.

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Jón Gíslason

---

Jens P. Jensen